



ÍSLE1SX02

Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

(Snillingastund- Genius hour)

Kennari/kennarar:	Halldóra Björk Guðmundsdóttir og Ragnhildur Þorsteinsdóttir
-------------------	--

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga vinna nemendur sjálfstætt að sínum hugarefnum og fá tækifæri til að þróa hæfileika sína eða finna nýjar áskoranir. Nemendur finna sjálfir leiðir til að nálgast viðfangsefni sín. Áhersla er lögð á öguð vinnubrögð, skipulag, vinnusemi og sjálfsmat.

Undanfari: Engin undanfari.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- mikilvægi sjálfstæðra vinnubragða.
- mikilvægi ólíkra leiða til að ná settu marki.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- leita lausna við áskorunum sínum.
- mismunandi leiðum í samskiptum og samstarfi.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leysa vanda sem þeir kunna að standa frammi fyrir í verkefnavinnu sinni.
- mismunandi leiðum í samskiptum og samstarfi.

Námsefni:

Ýmis efniviður. Gert er ráð fyrir því að nemendur útvegi efnivið sem þarf til þeirra verkefna sem þeir velja, taki þátt í öllum verkefnum og vinni þau jafnt og þétt.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1 - 4	6.- 30. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar.	Einstaklingsvinna
5 - 8	2.- 27. febrúar	Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar.	Einstaklingsvinna Í lok mánaðar skil á stöðuskýrslu og sjálfsmati.
9 - 12	1.- 27. mars.	Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar 18. - 19. mars Flóafár 20. mars kennsla fellur niður þegar Flóafár er.	Einstaklingsvinna
13 - 16	7.- 30. apríl		Skila stöðuskýrslu
17 - 19	4.- 24. maí	Dimissjón 8. maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	Kynningar á lokaafurðum. Skil á sjálfsmati.

Sérreglur áfangans:

Mæta þarf í tíma samkvæmt skólasóknarreglum FSu. og eru nemendur hvattir til að kynna sér þær.

Þar sem öll vinna í áfanganum fer fram í tíma og ekki er krafist heimavinnu þarf nemandi

sem er með opið vottorð að vera að lágmarki með 50% raunmætingu við lok annar til að standast áfangann.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Áfanginn er sí matsáfangi sem þýðir að ekki er lokapróf.

Mikið er lagt upp úr virkni í tímum. Virkni og verkefnavinna eru metin til einkunnar.

Góð mæting og stundvísi, vinnusemi og vandvirkni eru forsendur þess að góður árangur náist.

Símanotkun tengd náminu er leyfileg í samráði við kennara. Ef nemandi er í símanum án samráðs við kennara má kennari skrá F hjá viðkomandi.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefnavinna	Verkefni nemenda	40%
Sjálfsmat	Stöðuskýrsla og sjálfsmat	10%
Virkni í tímum	Verklag, sjálfstæði og fagmennska	25%
Mæting		25%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 8. janúar

Halldóra Björk Guðmundsdóttir og Ragnhildur Þorsteinsdóttir